

## Fyrirspurn

til innviðaráðherra um framfylgd reglna um rafhlaupahjól.

Frá Steinunni Þóru Árnadóttur.

1. Í hve miklum mæli hefur sektarákvæðum vegna brota á reglum um rafhlaupahjól verið beitt?
2. Er hægt, innan ramma gildandi laga, að innheimta sektir byggðar á staðsetningartækni rafhlaupahjóla?
3. Eru skilgreind svæði þar sem ber að leggja rafhlaupahjólum þegar notkun þeirra og leigu er lokið?
4. Hver er ábyrgð fyrirtækja sem hafa rafhlaupahjól til útleigu í þessum efnum?
5. Hefur ráðherra íhugað að skerpa á reglum eða viðurlögum svo að frágangur á rafhlaupahjólum verði ekki til að hefta umferð og aðgengi fólks sem notar hjálpartæki, svo sem hjólastóla?

Munnlegt svar óskast.